REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1074, 29. desember 2004, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski 2005, skv. samningi milli Íslands, Noregs og Rússlands.

1 gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innan efnahagslögsögu Noregs, norðan við 62°00′N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 4.367 tonn af þorski, auk 1.310 tonna aukaafla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó. Innan efnahagslögsögu Rússlands, utan 12 sjómílna frá grunnlínum, er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 2.729 tonn af þorski, auk 819 tonna aukaafla af öðrum tegundum, miðað við afla upp úr sjó.

Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs eða Rússlands, skal afli af öðrum tegundum en þorski, ekki vera meiri en sem nemur 30% af þorskafla, miðað við afla upp úr sjó.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. janúar 2005.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

3. janúar 2005 Nr. 26

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, nr. 774 18. október 2000.

1. gr.

1. málsl. 2. mgr. 4. gr. orðast svo: Þeir einir geta sótt námskeið til undirbúnings fyrri hluta próf sem lokið hafa fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla.

2. gr.

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. orðast svo: Ennfremur er prófnefndinni heimilt að fela Lögmannafélagi Íslands eða þeim háskólum, sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og viðurkenndir eru hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, að annast kennslu í einstökum kennslugreinum.

3. gr.

17. gr. orðast svo:

Prófnefnd getur ákveðið að þeir, sem lokið hafa prófi í tiltekinni eða tilteknum kjörgreinum við háskóla sem kennir lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, þurfi ekki að sækja kennslu og þreyta próf í einhverri eða einhverjum þeirra greina sem taldar eru upp í 5. og 10. gr.

4. gr.

18. gr. orðast svo:

Prófnefnd er heimilt að fela Lögmannafélagi Íslands eða þeim háskólum, sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraprófs og sem viðurkenndir eru hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, að hafa umsjón með framkvæmd námskeiða og prófa, fyrir hönd nefndarinnar, þ. á m. að sjá um skráningu á námskeið og innheimtu gjalda skv. 16. gr.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um lögmenn nr. 77 15. júní 1998, sbr. 5. gr. laga nr. 93/2004, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 2005.

Björn Bjarnason.

Ásgerður Ragnarsdóttir.

Nr. 27 3. janúar 2005

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Sveitarfélaginu Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Sveitarfélaginu Árborg frá 16. janúar 2002.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

	kr. á íbúð
Íbúðir, íbúðarhúsnæði	11.100

Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignagjalda. Sorpgjaldið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Af sorpgjaldi vegna sumarhúsa og annars íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu sem nýtt er til tímabundinnar dvalar, án fastrar búsetu, er heimilt að veita allt að 50% afslátt.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað. Fjárhæðir skv. 2. gr. endurskoðast árlega við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins.

Samþykkt í Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 30. desember 2004.

Selfossi, 3. janúar 2005.

Einar Njálsson bæjarstjóri.